2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2004.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 1027 22. desember 2004

# REGLUR

## um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. flokkur | ≤ 400.000 | Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk. |
| 2. flokkur | > 400.000 og ≤ 600.000 | 2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur. |
| 3. flokkur | > 600.000 og ≤ 3.000.000 | 5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur. |
| 4. flokkur | > 3.000.000 | 8% verðfelling af lágmarksverði mjólkur. |

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2%, í 3. flokk skal verðfellt um 5% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 8%. Samanlögð prósenta einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. flokkur | ≤ 400.000 | Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk. |
| 2. flokkur | > 400.000 og ≤ 600.000 | 1% verðfelling af lágmarksverði mjólkur. |
| 3. flokkur | > 600.000 | 3% verðfelling af lágmarksverði mjólkur. |

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar og að það hafi farið tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks og þá er reiknuð verðfelling fyrir innlegg síðasta mánaðar miðað við flokkun þess mánaðar.

3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 8% af lágmarksverði mjólkur.

4. gr.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2005, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 294/2004 um sama efni.

*Reykjavík, 22. desember 2004.*

F. h. verðlagsnefndar búvöru,

**Ólafur Friðriksson** formaður.

22. desember 2004 Nr. 1028

# AUGLÝSING

## um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, vegna Ufsarveitu.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingar verða á framkvæmdum í nágrenni fyrirhugaðs Ufsarlóns í Fljótsdalshreppi m.a. vegna niðurfellingar áður fyrirhugaðrar Bessastaðaveitu. Gert er ráð fyrir jöfnunargöngum, loftunarholum og þrýstijöfununarstokki í og við Jökulsárgöng og haugsvæði við Ufsarlón. Ennfremur breytist lega Hraunavegar með nýrri brú yfir Jökulsá í Fljótsdal neðan Ufsarstíflu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*